



Starfsáætlun 2024-2025

Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar
Leikskólinn Vallarsel
2024-2025

Hlutverk

Hlutverk skóla á Akranesi er að skapa skilyrði fyrir nemendur þannig að þeir nái að nýta hæfileika sína, efla sjálfstæði sitt og þroska með sér góð samskipti við samferðamenn.

Starfsáætlun 2024-2025

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla.....	3
Skólaárið 2023-2024.....	3
Skólaárið 2024-2025.....	4
Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun.....	5
Aðrar upplýsingar	6
Barnahópurinn 1. júní	6
Foreldrasamvinna.....	6
Samstarf leik- og grunnskóla	6
Brúum bilið	6
Samstarf leikskólastjóra	7
Samstarf sérkennslustjóra	7
Samstarf leikskólanna	7
Árgangamót leikskólanna	7
Heimsóknir á milli skóla.....	7
Starfsþróunarsamtöl	7
Starfsmannamál.....	7
Starfsmannahópurinn 1. Maí.....	7
Áherslur í starfi leikskólans	8
Áherslur leikskólans næsta starfsárs	8
Áætlaðir skipulagsdagar skólaársins 2024-2025.	8
Áætlun um símenntun skólaárið 2024-2025	8
Að lokum	9

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá þeirra og í henni er fjallað um árlega starfsemi, birt skóladagatal og aðrar hagnýtar upplýsingar koma fyrir.

Foreldraráð veitir áætluninni umsögn áður en skóla- og frístundaráð taka hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Megintilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Áætlunin er vinnuskjal og á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári.

Henni er jafnframt ætlað að greina frá hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðum og áætlun sett fram um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal

Starfsáætlun tekur gildi 1. september ár hvert og skilað rafrænt til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs fyrir 1. ágúst ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Skólaárið 2023-2024.

Undanfarið ár hafa verið töluverðar framkvæmdir innanhúss í Vallarseli og hefur það haft mikil áhrif á starfsemi leikskólans en nú sér fyrir endann á þeim og verður að segjast að vel hafi tekist til. Akraneskaupsstaður hefur gengið lengra í viðgerðum en skýrsla Verkís gerði ráð fyrir. Það helgast líklega af því að ekki hefur verið ráðist í neinar viðgerðir eða meiriháttar framkvæmdir innanhúss síðan 2004 þegar viðbygging var byggð við eldra húsnaðið.

Á skólaárinu var áfram unnið með að þróa fjölmeninguna, Lubba, TRAS og MÍÓ skimunarefnið og vináttuverkefni Barnaheilla með Blæ í öllu okkar starfi. Brúum bilið samstarfið hélt áfram og fór elsti árgangurinn í skólaheimsóknir að hausti og vori í Brekkubæjarskóla og Grundarskóla.

Starfsáætlun 2024-2025

Aðlögun fór fram á tveimur deildum að hausti. Aldur barnanna í aðlögun fer alltaf lækkandi og í ár voru tekin inn börn sem eru fædd allt að júní 2022 sem gerir það að verkum að börn allt að fjórtán mánaða eru komin með leikskólavistun.

Starfsmannamál voru í ágætis jafnvægi en skólinn og fagstéttin er farin að finna fyrir að ekki er endurnýjun í kennarahópnum. Starfsmannahópurinn hefur yngst töluvert og mikil endurnýjun hefur átt sér stað. Fjarverur vegna veikinda og styttingar vinnuvikunnar tóku mikinn toll af starfseminni síðastliðinn vetur.

Stjórnendateymi leikskólans breyttist ekki mikið á skólaárinu 2023-2024 en voru það helst hrókeringar í deildarstjórahópnum sem ollu einhverjum breytingum Vilborg Valgeirsdóttir og Krístrún Matthíasdóttir voru áfram í sínum störfum sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Siggerður Sigurðardóttir hélt áfram sínu starfi sem sérkennslustjóri.

Salbjörg Ósk Reynisdóttir var deildarstjóri á Lundi (elsta deild-börn fædd 2018)

Ríkka Emilia Böðvarsdóttir var deildarstjóri á Hnúki. Á Hnúki voru börn fædd 2019-2020)

Ragnheiður Magnúsdóttir var deildarstjóri á Stekk með árgang 2019 og 2020)

Kristjana Jóhannsdóttir var deildarstjóri á Skarði með börn fædd 2021 og 2022

Sigrún Jónsdóttir var deildarstjóri á Jaðar með börn fædd 2020 og 2021

Margrét Björg Jónsdóttir var deildarstjóri á Völlum með árgang 2022 en strax í september tók Diljá Marín Jónsdóttir við deildarstjórn til janúar og þá tók Brynja Sólveig Pálsdóttir við og kláraði fram að sumarlokun 2024.

Skipulagsdagar skólaársins 2023-2024.

- 8.ágúst (hálfur starfsdagur vegna opnunar eftir sumarlokun)
- 25.september 2023
- 20.nóvember 2023
- 2.janúar (hálfur starfsdagur vegna opnunar eftir sumarlokun)
- 15.febrúar 2024
- 2.apríl 2024

Skólaárið 2024-2025.

Undanfarin tvö og hálf ár hafa verið framkvæmdir utan- og innanhúss í Vallarseli og hefur það haft mikil áhrif á starfsemi leikskólans en nú sér fyrir endann á þeim og verður að segjast að vel hafi tekist til. Akraneskaupsstaður hefur gengið lengra í viðgerðum en skýrsla Verkís gerði ráð fyrir. Það helgast líklega af því að ekki hefur verið ráðist í neinar viðgerðir eða meiriháttar framkvæmdir innanhúss síðan 2004 þegar viðbygging var byggð við eldra húsnæðið.

Á skólaárinu verður áfram unnið með að þróa fjölmennunguna, Lubba, TRAS og MÍÓ skimunarefnið og vináttuverkefni Barnaheilla með Blæ í öllu okkar starfi. Brúum bilið samstarfið heldur áfram og fer elsti árgangurinn í skólaheimsóknir að hausti og vori í Brekkubæjarskóla og Grundarskóla.

Aðlögun fór fram á tveimur deildum að hausti. Aldur barnanna í aðlögun fer alltaf lækkandi og í ár voru tekin inn börn allt að júní 2023 sem gerir það að verkum að allt

Starfsáætlun 2024-2025

að fjórtán mánaða börn eru komin með leikskólavistun. Þarfir þessara barna eru aðrar en þeirra sem eldri eru og því mikilvægt að bregðast við þeim.

Starfsmannamál eru í ágætis jafnvægi en skólinn og fagstéttin er farin að finna fyrir að ekki er endurnýjun í kennarahópnum. Starfsmannahópurinn hefur yngst töluvert og mikil endurnýjun hefur átt sér stað. Fjarverur vegna veikinda og styttingar vinnuvikunnar taka mikinn toll af starfseminni en við vonum að með skráningardögum þá náum við að koma til móts við fjarverur starfmanna, hverjar sem þær eru.

Engar breytingar eru á stjórnendateymi leikskólans. Vilborg Valgeirsdóttir og Kistrún Matthíasdóttir voru áfram í sínum störfum sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Siggerður Sigurðardóttir hélt áfram sínu starfi sem sérkennslustjóri.

Salbjörg Ósk Reynisdóttir er deildarstjóri á Lundi. Á Lundi er börn fædd 2019.

Ríkka Emilia Böðvarsdóttir er deildarstjóri á Hnúki. Á Hnúki eru börn fædd 2020-2021.

Sylvía Hera Skúladóttir er deildarstjóri á Stekk. Á Stekk eru börn fædd 2020-2021.

Lena Gunnlaugsdóttir er deildarstjóri á Völlum. Á Völlum eru börn fædd 2022.

Kristjana Jóhannsdóttir er deildarstjóri á Skarði. Á Skarði eru börn fædd 2021-2022.

Sigrún Jónsdóttir er deildarstjóri á Jaðar. Á Jaðar eru börn fædd 2023.

Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

Markmið leikskólans er m.a. að leggja faglegan grunn að umbótum í skólastarfinu til að auka gæði og skilvirkni í uppeldi og menntun barna og uppbygging jákvæðs skólabrags nái til allra hagsmunahópa innan skólans.

Skólinn hefur sett sér eftirfarandi áætlun um innra mat þar sem viðfangsefnum er skipt niður á skólaárið.

Skólapúlsinn. Lögð var könnun á vegum Skólapúlsins fyrir foreldra leikskólabarna og þær niðurstöður eru alltaf til grundvallar þegar unnið er að mati á starfi og námi leikskólabarna.

Tímabil	Endurmat	Ábyrgð	Úrvinnsla	Þátttakendur
Ágúst	Skólapúlsinn-farið yfir niðurstöður	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri/ Aðstoðarleikskóla- stjóri	Deildarstjórar
September	Deildarnámskrár uppfærðar. Námsáætlanir deilda lagðar fram. Áherslur á tónlist, mál og læsi.	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Allar deildir
September	Hljóm-2	Sérkennslustjóri	Sérkennslustj. og stm. með réttindi	Börn í elsta árgangi á Lundi
September	TRAS MIÓ	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri og stm. með réttindi	Börn fædd 2019.2020.2021 og fyrri hluti 2022

Starfsáætlun 2024-2025

Október	Viðhorfakönnun til foreldra yngstu barna varðandi aðlögunina	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Foreldrar barna fædd 2022 og 2023
Október/Nóvember	Foreldraviðtöl-símaviðtöl?	Deildarstjórar	Deildarstjórar / starfsmenn	Allar deildir
Nóvember	Starfsmannasamtöl	Skólastjóri	Skólastjórar	Allir starfsmenn
Desember	Leiðbeiningar- samtöl stm.	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Allir starfsmenn
Desember	Leiðbeiningar- samtöl deildarst.	Skólastjórar	Skólastjórar	Allir deildarstjórar
Febrúar	Foreldraviðtöl að vori Þroskaviðmið rædd	Deildarstjórar	Deildarstjórar / starfsmenn	Allar deildir
Feb / mars	Starfsmannakönnun-Gallup	Skólastjóri	Skólastjórar	Allir starfsmenn
Mars / apríl	Líðankönnun elstu barna	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	Elstu nemendur á Lundi
Apríl	Starfsmannasamtöl-örviðtöl	Skólastjóri	Skólastjórar	Allir starfsmenn
Maí	Sérkennsla	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	Allar deildir
Maí	Mat á skipulögðu starfi skólaársins	Deildarstjórar / skólastjórar	Deildarstjórar / starfsmenn	Allar deildir
Allt árið	Símat og endurskoðun skóla- og deildarnámskrá	Skólastjórar	Skólastjórar	Allir starfsmenn (og foreldrar eftir aðstæðum)

Aðrar upplýsingar

Barnahópurinn 1. júní

- Fjöldi barna í leikskólanum - 131
- Kynjahlutfall - 48 stúlkur og 83 drengir
- Dvalarstundir - 1476,56
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu - 8
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku - 24
- Fjöldi tungumála - 6

Foreldrasamvinna

Leiðarljós leikskólans eru að hafa jákvæð og hlýleg dagleg samskipti og gott upplýsingastreymi, þar sem velferð barnsins og samvinna um það á öllum sviðum sé ávallt í fyrirrúmi.

Í Vallarseli er hugsað mjög vel um að tryggja foreldrum, sem þess þurfa, túlk fyrir viðtöl sem það þurfa.

Samstarf leik- og grunnskóla

Brúum bilið

Vallarsel tekur þátt í verkefninu Brúum bilið – samstarf leikskóla og grunnskóla á Akranesi. Starfið hefur verið með formlegum hætti frá árinu 1996 og hefur tekið nokkrum breytingum á þessum tíma eflst og batnað. Starfið er í mjög föstum

Starfsáætlun 2024-2025

skorðum í grundvallaratriðum en tekur smávægilegum breytingum milli ára því sjaldnast vinnur sama fólkið að því tvö ár í röð.

Tilgangurinn með verkefninu er:

- Að skapa samfellu í námi barna / nemenda á þessum tveimur skólastigum.
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á báðum skólastigum.
- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.

Samstarf leikskólastjóra

Náin samvinna er á milli skóla- og frístundasviðs og leikskólans. Samráðsfundir skólastjóra allra leikskóla Akraness og sviðsstjóra sviðsins eru einu sinni í mánuði og oftast ef á þarf að halda. Þá hittast skólastjórar mjög reglulega og eiga með sér samráð á öðrum tímum.

Samstarf sérkennslustjóra

Það sama má segja um sérkennslustjóra, þeir eiga með sér reglulegt samráð yfir skólaárið og við sérfræðingateymi skólaskrifstofu.

Samstarf leikskólanna

Árgangamót leikskólanna er fastur liður í starfinu og byggist á því að þá hittast tveir árgangar í leikskólunum og eyða deginum saman. Dagskrá er skipulögð af „gestgjöfunum“ sem eru tveir leikskólar til skiptist. Þeir setja út dagskrá fyrir hvern árgang fyrir sig.

Heimsóknir á milli skóla

Leikskólarnir eru duglegir að fara á milli og heimsækja aðrar stofnanir. Það er skemmtilegt verkefni að fara í garðinn hjá öðrum leikskólum og hitta önnur börn á öðrum leikskólunum.

Starfsþróunarsamtöl

Einu sinni á ári eru starfsþróunarviðtöl. Við erum enn að vinna samkvæmt ákveðnu fyrirkomulagi sem gerir ráð fyrir 2 viðtölum á skólaárinu og starfsmenn teknir í snerpuviðtöl ef þarf. Vegna manneklu og veikinda hefur reynst flókið á stundum að halda skipulagi hvað það varðar.

Starfsmannamál

Starfsmannahópurinn 1. Maí

STARFSHEITI	FJÖLDI	STARFSHLUTFALL	MENNTUN
Leikskólakennarar	14	12,85	leisk.kmenntun
Annað háskólapróf	4	4,0	B.A uppl og bókasafnsfræði, þroskajálfun, uppeldisfræði
Leiðbeinendur	20	17,65	ýmis menntun
Matráður	1	1,0	grunnskólamenntun
Aðstoðarfólk í eldhúsi	1	1,0	grunnskólamenntun

Starfsáætlun 2024-2025

Áherslur í starfi leikskólans

Áherslur leikskólans næsta starfsárs

Á skólaárinu 2024-2025 verður áfram unnið með svipuðum hætti og áður. Allir fastir þættir, tónlistin og fleiri verða áfram unnir með sama sniði ásamt að áfram verður unnið áfram með LUBBA, MÍÓ, TRAS, Gefðu 10 og Blæ-Vináttuverkefni Barnaheilla. Sérstök áhersla verður lögð á eflingu málþroska og þá sérstaklega eflingu orðaforða.

Ákveðið hefur verið að innleiða Jákvæðan aga í leikskólann og mun sú vinna hefjast að vori 2025 en vinnan við innleiðingu er hafin á einni deildinni þar sem deildarstjóri hennar mun vinna að starfendarannsókn tengda þessu viðfangsefni. Það er hluti af meistaraverkefni hennar í leikskólakennaranámi.

Áætlaðir skipulagsdagar skólaársins 2024-2025.

- 18.september 2024
- 18.nóvember 2024
- 2.janúar 2025
- 20.febrúar 2025
- 22.apríl 2025

Áætlun um símenntun skólaárið 2024-2025

Eftirfarandi dagar verða nýttir fyrir starfsþróun og endurmenntunar

- Starfsmannafundur 24.ágúst 2024-Grunnurinn lagður fyrir veturinn-Áherslur vetrarins-tónlistin og íslensku kennsla, teymisvinna og hagnýt atriði
- Skipulagsdagur 18.september 2024. Sameiginlegur fundur með öðrum leikskólum á Akranesi fyrir hádegi. Fræðsla frá Lóu Guðrínu Gísladóttur doktorsnema varðandi Invest in play- Tengjumst í leik/foreldrafærni námskeið. Kynning á Learn Cove eða Vitnum sem er vefsvæði með ýmsum fróðleik/fyrirlestur/verkefnum sem starfsmenn Akraneskaupsstaðar hafa aðgang að. Fræðsla á vegum 100g sem er rekið af Grétu og Ólöfu Jónsdóttur næringarráðgjöfum. Farið yfir næringu og heilsu almennt sem hluti af Heilsuefandi samfélag. Þá var einnig haldinn sameiginlegur fundur með starfsmönnum Vallarsels þar sem farið var yfir ýmis hagnýt atriði og lauk deginum með deildarvinnu.
- Starfsmannafundur 10.október 2024-kynning á Jákvæðum aga- Krístrún aðstoðarleikskólastjóri, Siggerður sérkennslustjóri og Sýlvía Hera deildarstjóri segja frá vinnunni varðandi námsefnið og hvernig þær munu haga innleiðingu á deild og svo í framhaldi á leikskólann allan. Þá verður gefið rými fyrir fundi og deildarvinnu.
- Skipulagsdagur 18.nóvember 2024. Sameiginlegur fundur leikskólanna vegna Menntastefnu. Fyrirlestur leikskólastjóra um nám í leikskóla-hvað það þýðir að vinna í leikskóla og fleira tengt námi barnanna.
- Skipulagsdagur 2.janúar 2025. Deildarvinna-línan lögð fyrir vor 2025
- Skipulagsdagur 20.febrúar. Jákvæður agi-Jónína Hauksdóttir með erindi um jákvæðan aga fyrir starfsfólk leikskólans sem hluti af innleiðingarferli.
- Skipulagsdagur 22.apríl-óákveðin dagskrá

Starfsáætlun 2024-2025

Að lokum

Stytting vinnuvikunnar var, er og verður mikil áskorun. Með tilraunaverkefni Akraneskaupsstaðar-skráningardagar hefur sveitarfélagið lagt mikið af mörkum til að koma til móts við styttingu vinnuviku starfsmanna og skapað skólaumhverfi líkt því sem gerist í grunnskólunum. Þetta fyrirkomulag felur það í sér að foreldrar skrá börn sín sérstaklega ef þeir hyggjast nýta sér leikskóladvöl á skilgreindum skráningardögum og fá gjaldfellingu á leikskólagjöldum. Leikskólarnir verða opnir öllum þeim sem þurfa á að halda og starfsemin sniðin að fjölda barna. Þannig er hægt að skipuleggja leikskólastarfið fyrir fram.

Skráningardagarnir eru 14 á starfsárinu 2024-2025; í vetrarfrí grunnskólanna í október (tveir dagar), í kringum jól og áramót (fjórir dagar), í vetrarfrí grunnskólanna í febrúar (tveir dagar) og í Dymbilviku (þrír dagar) og geta foreldrar valið 10 af 14 dögum til að fá gjaldfrelsi í nóvember.

Mjög góð þátttaka var í þessu verkefni sem verður til þess að börnin fá að vera heima á þessum skilgreindu dögum og eiga samveru með foreldrum ásamt því að hægt verður að losa styttingu vinnuviku starfsmanna með góðu móti.

Annars leggjum við af stað inn í veturinn full tilhlökkunar og tilbúin að takast á við verkefni og áskoranir leikskólastarfsins.

Akranesi 17.10. 2024

Vilborg Guðný Valgeirsdóttir leikskólastjóri